25.tbl.
14.júlí.2021
28.árg.

# Hlaupastelpan

*Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386*

**Komdu með á unglingalandsmót UMFÍ**

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Selfossi dagana 29. júlí - 1. ágúst n.k. Keppnisrétt hafa allir á aldrinum 11-19 ára og bjóðum við börn fædd árið 2010 og fjölskyldur þeirra sérstaklega velkomin að slást í för með okkur í ár. Keppnisgreinarnar eru af fjölbreyttum toga ásamt ýmis konar afþreyingu og skemmtun – kynnið ykkur úrvalið á www.ulm.is. Yngri krakkar geta einnig notið sín við fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun sem er í boði.

Unglingalandsmótið er vímulaus íþrótta- og fjölskylduhátíð sem við hvetjum alla til að mæta á. Góðir styrktaraðilar gera HSÞ kleift að niðurgreiða mótsgjaldið fyrir þingeysk ungmenni og greiða iðkendur af starfssvæði HSÞ aðeins helming mótsgjaldsins og geta þá keppt í eins mörgum greinum og þeir vilja. Aðrir mótsgestir greiða ekkert gjald en geta þó tekið þátt í þeirri afþreyingu og verkefnum sem boðið er upp. Skráning og allar nánari upplýsingar um keppnisgreinar er að finna á www.ulm.is. Skráningafrestur rennur út á miðnætti þann 25. júlí.

Endilega finnið hópinn „HSÞ á unglingalandsmóti" á fésbók og sláist í hópinn þar. Þar gefst tækifæri til að setja inn spurningar, óska eftir liðsfélögum, ásamt því að deila upplýsingum. Einnig getið þið haft samband í s. 896-3107 eða á hsth@hsth.is.

Við þökkum eftirtöldum aðilum fyrir þegar veittan stuðning:

SPARISJÓÐUR Suður-Þingeyinga
GEOSEA GEOTHERMAL SEA BATHS
MYVATN NATURE BATHS

## Hlaupastelpan



Er gefin út á miðvikudögum vikulega.

Auglýsingum þarf að skila
**fyrir kl. 15:00 á mánudögum.**

Verð frá 1 . júlí 2021
Hálfsíðuauglýsingu kr. 3.850- m.vsk.
Heilsíðuauglýsing kr. 5.000- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar eru í síma 8953386
Dagný Pétursdóttir

Stelpuna er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar.
https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan

## Skemmtiferð eldri borgara í Þingeyjarsveit, á Snæfellsnes .

Mánudagsmorgun 26 júlí verður farið .
Frá Ýdölum kl 8,30 ,
Frá Breiðumýri kl. 8,50,,
Frá Stórutjarnaskóla kl. 9,30

Verð á mann er kr. 60,000.
Greiðist fyrir 21 júlí í Sparisjóð S-Þing.
Bankanúmer 1110-26-003337,
Kennitala 440708-0210,

Fh.Ferðanefndar.
Jón F. Sigurðsson.

---

HÓTEL LAUGAR

Hótel Laugar óska eftir starfsfólki til starfa frá 15. júlí til 25. ágúst í almenn hótelstörf.

Vinsamlegast sendið umsóknir
á hótellaugar@hotellaugar.is eða í síma 4664009.